

þeir, sem ungir eru, hlaupi eftir stundar-æsingi héraðsbúa, og ráði sig hjá þeim eftir áskorunum, gerðum í blóra við héraðslækninn, til þess helzt að koma honum fyrir kattarnef, eða með öðrum orðum, að læknar láti ginnast sem fifl af bannfæringarbréfum, símskeytum eða öðrum þeim útskúfunar-aðferðum almennings á embættislækna, sem komið geta fram á þá blá-saklausa, af hálfu þeirra héraðsbúa, sem þeir eru á leið til og ætla að starfa fyrir, og sennilega þá ekki síður á þá, sem eru í héruðunum, og eitthvað hafa gert fyrir sér, sem alþýða óróast af, því sjálfsagt má öllum eitthvað til foráttu finna, því enginn er gallalaus. Það er alvörumál, sem hér er um að ræða fyrir læknastéttina, því heillum er hún horfin, ef einstaklingar hennar láta etja sér út á foræði þess ódrengskapar, sem sumar útskúfunaraðferðir héraðsbúa virðast sprotnar af.

Eg treysti því, að ritstjórnin taki leiðréttingu þessa, þó löng sé.

15. júlí 1915.

ÓL. Ó. LARUSSON.

Fréttir.

Heilsufar hefir yfirleitt verið gott um alt land.

Lungnabólgu hefir víða orðið vart í Reyðarfjarðarhéraði, sumir mjög þungt haldnir.

Skarlatssótt hefir gert vart við sig á einum bæ í Þingeyrarhéraði, enn fremur í Bolungarvík, Ísafirði (þar kom nýlega inn fiskiskíp, með skarlatssóttarveikan mann) og Flateyri. Í Reykjavík er veikin í fimm húsum. Alstaðar er hún væg.

Mænusoðttar hefir hvergi orðið vart.

Héraðslæknirinn í Reykjavík hefur undanfarið verið fjarverandi, og verður því heilsufarsskýrsla fyrir júlímánuð að biða næsta blaðs.

Jón Kristjánsson læknir hefir nú komið á fót hér í bænum (Lækjargötu 6) „Lækningastofu fyrir Fysiotherapi“. Hefir hann þar ýms nýtísku-áhöld, sem ekki hafa verið hér fyr, t. d. „Ferstreymisbæð“ (Fircellebad), rafurmagms-bakstra, ljósböð, bæði fyrir allan skrokkinn og einstaka líkamshluta, heit loft-böð og ýmislegt annað, sem að gagni má koma. Jón hefir sótt um styrk til alþingis, og er mælt, að hann muni fá alt að helmingi stofnkostnaðar, þó ekki meira en 3500 krónur.

LEIÐRÉTTINGAR við grein G. Guðmundssonar í síðasta tbl: Lbl.-sins: Neðarl. á bls. 104 stendur undantekin í stað endurtekin, og talan 1:60 neðst á bls. 103 má falla burtu.

ÞESSIR HAFNA BORGÆÐ BLAÐIÐ: Gunnl. Þorsteinsson, Björn Blöndal, Friðjón Jensson, Oddur Thorarensen Iyfsali, Ólafur Thorlacius, Sig. Hjörleifsson, Georg Georgsson, Ól. Ó. Lárusson, Ól. Finsen, Jón Þorvaldsson, Þórður Edilonsson, Halldór Stefánsson, Gísli Brynjólfsson, Stefán Stefánsson í Aars, Þórður Pálsson, Ingólfur Gíslason, Ólafur Björnsson ritstjóri, David Ssc. Thorsteinsson, Sig. Magnússon.